

Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsið við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. júlí 2016

Efni: Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um almannatryggingar

Frumvarpsdrög þessi voru birt á heimasíðu velferðarráðuneytisins þann 24. júní síðastliðinn og fela í sér heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Viðskiptaráð styður þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum. Þær þar helst að nefna einföldun almannatryggingakerfisins, hækkun lífeyristökualdurs, aukinn sveigjanleiki við starfslok og samstarfsverkefni um að þróa leiðir til að innleiða starfsgetumat í stað örorkumats. Ráðið gagnrýnir hins vegar að fjármögnun breytinganna liggi ekki fyrir. Verði skattahækkunum beitt til að fjármagna þær mun það vinna gegn þeim jákvæðu efnahagslegu áhrifum sem því er ætlað að hafa.

Bætt almannatryggingakerfi

Með frumvarpsdrögunum eru lagðar til ýmsar breytingar sem fela í sér einföldun almannatryggingakerfisins. Áformað er m.a. að fækka bótaflokkum úr þremur í einn og afnema frítekjumörk. Viðskiptaráð styður þessar breytingar enda eru þær til þess fallnar að gera fjárhagsstuðning hins opinbera við eldri borgara réttlátari, einfaldari og gagnsærri en áður.

Viðskiptaráð styður jafnframt þá breytingu í frumvarpsdrögunum að lífeyristökualdur hækki úr 67 árum í 70 ár. Líkt og fram kemur í drögunum eru margvíslegar röksemdir fyrir þessari breytingu, þar á meðal lengri meðalævi, hærri lífaldur, bætt heilsa og jákvæð áhrif virkni á efri árum á bæði andlega og líkamlega heilsu.

Einnig eru lagðar til heimildir til að fresta lífeyristöku til 80 ára aldurs annars vegar og minnka starfshlutfall á efri árum hins vegar. Heimildir fyrir slíkum auknum sveigjanleika þegar kemur að starfslokum væru framfaraskref. Einstaklingar eru ólíkir og því hentar þeim misjafnlega vel að láta af störfum á tilteknum aldri. Margir sem komnir eru á lífeyristökualdur hafa enn vilja og getu til þess að starfa lengur á atvinnumarkaði og því er til mikilla bóta að þeim sé heimilt að haga atvinnuþátttöku

sinni eftir því sem þeim hentar best. Sú tillaga að tryggingafræðilegir útreikningar ráði áhrifum slíks sveigjanleika á fjárhæð lífeyris tryggir jafnframt að áhrif þessa sveigjanleika á heildarútgreiðslur væru hlutlaus.

Starfsgetumat í stað örorkumats

Í frumvarpsdrögunum er kveðið á um að setja skuli af stað samstarfsverkefni um að þróa leiðir til að innleiða starfsgetumat í stað örorkumats og með því efla atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu. Tillaga þessi er í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar *Samráðsvettvangs um aukna hagsæld* sem lagði til að stjórnvöld stuðli að aukinni atvinnuþátttöku öryrkja.¹ Viðskiptaráð styður þessa breytingu og vonast til að samstarfsverkefnið skili breytingum í þá veru að starfsgetumat verði innleitt í stað örorkumats sem fyrst.

Ófjármagnaðar breytingar

Þær breytingar sem nefndar eru hér að ofan eru til þess fallnar að styðja við aukna verðmætasköpun. Verði frumvarpsdrög þessi að lögum hafa einstaklingar á síðari hluta æviskeiðs aukna hvata til að taka þátt á vinnumarkaði eftir því sem þeir sjálfir telja heppilegast. Breytingarnar hafa því jákvæð áhrif á lífsskjör á Íslandi til lengri tíma litið.

Fjármögnun breytinganna getur hins vegar haft neikvæð áhrif á lífsskjör. Í kostnaðarmati með frumvarpsdrögunum kemur fram að áætlaður kostnaður vegna breytinganna nemi samtals 33 ma. kr. fram til ársins 2027. Ekki er lögð til ákveðin leið til að fjármagna þessar breytingar en þó er lögð fram áætlun um að hækkun tryggingargjalds þyrfti að nema 0,45% til að þær skili ríkissjóði ekki tapi. Verði breytingarnar fjármagnaðar með aukinni skattlagningu á vinnuframlag einstaklinga mun það vinna gegn jákvæðum áhrifum þeirra með því að draga úr verðmætasköpun allra einstaklinga – ekki einungis þeirra sem komnir eru á efri ár. Unnið hefur verið að því á síðastliðnum árum að lækka tryggingagjald og hefur það farið stíglækkandi frá árinu 2012. Enn er þó nokkuð í að gjaldið lækki niður í það sem það var fyrir efnahagshrunið. Í greinargerð með stjórnarfrumvarpi sem varð að lögum nr. 54/2016 kom fram að stjórnvöld muni beita sér fyrir frekari lækkingu tryggingagjalds á komandi árum. Yrði gjaldið hækkað á ný væri farið þvert á þá stefnu stjórnvalda.

Möguleikar til að skera niður útgjöld

Viðskiptaráð hvetur til þess að breytingarnar verði fjármagnaðar með niðurskurði opinberra útgjalda í stað hækkun tryggingagjalds. Þannig má tryggja að jákvæð efnahagsleg áhrif breytinganna þurrkist ekki út vegna neikvæðra áhrifa af aukinni skattlagningu á vinnu einstaklinga. Framlög hins opinbera til ýmiss konar samfélagsmótunar nema t.a.m. um 100 ma. kr. á ári. Dæmi um slíka starfsemi er rekstur eða fjármögnun á sviðum pósthjónustu, sorphirðu, steypuframléiðslu, trúariðkunar, fjölmiðlunar og annarra atvinnugreina. Ráðið hvetur stjórnvöld til að endurskoða útgjöld sín til þessara málefna með það að markmiði að fjármagna að fullu þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum.²

Samandregið styður Viðskiptaráð þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum en telur ekki forsvaranlegt að fjármagna þær með skattahækkunum. Þess í stað ættu stjórnvöld að skera niður önnur útgjöld samhliða til að heildaráhrif breytinganna á afkomu hins opinbera eða skattheimtu verði engin. Þannig má tryggja að jákvæð efnahagsleg áhrif breytinganna, í formi aukinnar verðmætasköpunar og bættra lífsskjara, skili sér.

¹ Nánari upplýsingar um tillögur verkefnisstjórnar *Samráðsvettvangs um aukna hagsæld* (2013) má nálgast hér: www.samradsvettvangur.is

² Sjá kortlagningu á opinberum útgjöldum vegna samfélagsmótunar í skýrslu Viðskiptaráðs (2014): „*Hid opinbera: tími til breytinga*“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/hid-opinbera/>

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,

Margrét Berg Sverrisdóttir

Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur